Heimsádeila. Allt á
hverfanda hveli.

Að mestu úr tímaritinu "Ultra".
Tekið úr dagblaðinu "Vísi" í mars-
apríl 1939. Með athugasemdum
Jóns Pálssonar.

2 blöð qto. Reykjavík, 23.júlí 1939.

Ádeila



## Heims-ádeila

### Allt í hverfanda hveli. (Aðmestu úr tímaritinu „Ultra".)

.... Eitt er það, að [illegible] nú á dögum er í miklu hófi. Allt er á fleygiferð – allt í loftköstum! Skólar á annarri hverri þúfu. Sífellt gambrað um menntun, en fáir læra neitt til hlítar. Sannri menntun og menningu hrakar. Flest hið góða og gamla fyrirlitið og fótum troðið. Unglingarnir lesa eldhúsrómana (reyfara), lauslætisbull og glæpasögur, en líta ekki við göfugustu skáldritunum eða sögu þjóðar sinnar. –

Vísindunum fleygir áfram með ofsalegum hraða. Vélaöldin svifti verkamanninum brauði og lífshamingju. Hún gerir hann meira og minna óþarfan. Og svo er honum fleygt út á hauginn! Íþróttirnar fara út í öfgar: Allir vilja vera mestir og keppast um að setja eitt „metið" öðru hærra. Margir drepa sig blátt áfram, en aðrir spilla heilsu sinni, í stað þess að bæta hana með skynsamlegri þjálfun. Hvað er sönn líkamshreysti og góð heilsa hjá „metum" og mikilheiðri! Ekki sandkorns-virði!

Kvikmynda„stjörnur" eða stelpur eru í miklum metum hafðar, hversu ómenntaðar og menningarlausar sem þær eru – og njóta launa, sem vitanlega ná ekki neinni átt. Þær raka saman miljónum króna fyrir einskisvert starf; en milljónir manna hafa ekkert fyrir sig að leggja! Áflogahundar og hnefaleika-naut raka líka saman miljónum króna, fyrir að sýna eitt hið ljótasta athæfi, sem til er. —

Svona er tíðarandinn!

En samtímis þessu á sönn list, mannvit, hugarsnilli og hámenning mjög í vök að verjast. Listamenn eru troðnir undir.

Bullukollar skrifa ómerkilegar bækur[2] og siðspillandi[1], sem seljast í miljónum eintaka. Og altaf fást nóg leiguþý til að lofa slíkar bækur. —

Góð skáldrit verða að þoka fyrir andstyggilegum áróðursþvættingi, klámi og níði. — Ómentaðir dónar brjótast til valda. Og umhverfis þá safnast allt menningarleysi þjóðanna, öll illmenska, öll villimenska, öll glæpahneigð.

Fávísir mathákar sitja við háborðin og rífa í sig. — „Drepðu þennan — hann er á móti mér", segir dóninn í efsta sæti. Og skriðdýrið — með beinið í kjaftinum — fer og drepur manninn. — — Svona er þetta víða um heim, eða þessu líkt.

Svona er tískan og tíðarandinn — — —

Kröfur til andlegrar menningar og manngildis lækka dag frá degi, frá ári til árs. Fagrar hugsjónir deyja. Ómenskan breyðir sér —, heiftin og heimskan sitja að völdum. — Hinn hvíti kynstofn er á glötunarvegi . . .

Grein þessi, sem þykja mun vera bölsýn, birtist í dagblaðinu Vísi í marz–apríl 1939.

Sökum þess, hversu mikið sannleiksgildi hún hefir að færa, hefi ég ritað hana hér.

Reykjavík, 23. júlí 1939

Jóhannsson